

Samantekt umræðna frá 21. ársfundi Umhverfisstofnunar, náttúruverndarnefnda sveitarfélaga og forstöðumanna náttúrustofa

Félagsheimili Hrunamanna, Flúðum, 8. nóvember 2018

Ársfundur Umhverfisstofnunar, náttúruverndarnefnda sveitarfélaga og forstöðumanna náttúrustofa var haldinn þann 8. nóvember 2018 í félagsheimili Hrunamanna á Flúðum. Yfirskrift fundarins að þessu sinni var *Friðlýsingarvinnan framundan*. Umræður voru á dagskrá í lok fundarins. Í umræðunum var ferill friðlýsinga og aðkoma sveitarfélaga tekið fyrir. Meðal annars var rætt almennt fyrirkomulag friðlýsingarferilsins eins og hann birtist í náttúruverndarlögum og eins hvernig sveitarfélög koma inn í verkferilinn sem viðhafður er hjá Umhverfisstofnun. Þá var einnig sérstaklega rætt um aðkomu sveitarfélaga að vinnu við gerð B-hluta náttúruminjaskrár.

Umræðurnar nýttust vel til að fólk gæti áttað sig betur á ólíkum skilgreiningum þegar kemur að friðlýsingum og eins hvað betur mætti fara í ferlunum. Var fundarmönnum skipt í umræðuhópa sem svo skiluðu niðurstöðum og punktum um niðurstöður umræðanna. Hér að neðan er að finna samantekt frá öllum umræðuhópunum og eins hvað almennt kom fram í þeim flestum.

Almennt:

- Þegar kemur að því að auglýsa áform um friðlýsingar þá voru flestir hóparnir sammála því að það væri ef til vill óþarfi að auglýsa í Lögbirtingarblaðinu og mikill kostnaður sem fylgir því, frekar ætti að auka áherslu á að auglýsa í staðarblöðum.
- Flestir hóparnir sammála því að í verkferlinum sem viðhafður er hjá Umhverfisstofnun þá eru sveitarfélög sátt með sína aðkomu og verkferillinn því fullnægjandi.
- Flestir hóparnir sammála um að sveitarfélög ættu að koma fyrir inn í ferilinn fyrir með í ferlinu þegar kemur að B-hluta náttúruminjaskrár og ættu að vera upplýst fyrir.
- Þá kom fram að sveitarfélög ættu einnig að geta tilnefnt svæði í B-hluta náttúruminjaskrár.
- Rætt var í flestum hópunum að flókið sé að ná utan um hvað er náttúruminjaskrá í dag miðað við þá gömlu.

Hópur 1

Hópurinn var sammála um að þegar áform um friðlýsingar er unnið þá sé óþarfi að setja dýra auglýsingu í Lögbirtingablaðið, tilgangur með auglýsingunni á að vera svo almenningur sé upplýstur. Þá á mun betur við að setja aukna áherslu í að auglýsa á sem flestum stöðum sem almenningur les eins og staðarblöð, heimasíður og facebook síður, til dæmis.

Þá ræddi hópurinn ferilinn að B-hluta náttúruminjaskrár en aðkoma sveitarfélaga er aðallega í gegnum ráðgjafanefnd sem skipuð er af ráðherra og í sitja 3 fulltrúar frá sveitarfélögum. Hópurinn var sammála um að ef það kæmi erindi til sveitarfélaga áður en NÍ vinnan fer fram þá væri hægt að koma svæðum á framfæri áður en aðal vinnan hefst. Eins fannst hópnum mikilvægt að þeir aðilar sem sitja í ráðgjafanefnd, þessir 3 fulltrúar sveitarfélaga, ættu að vera augljósari fyrir lítil sveitarfélög og gefa frekari upplýsingar til sveitarfélaga.

Þá kom upp sú hugmynd að þegar vinna Náttúrufræðistofnunar Íslands hefst þá væri erindi sent á sveitarfélög til upplýsinga.

Hópurinn var sammála um að ef til væri einfaldara fyrir sveitarfélög að koma friðlýsingum sínum á framfæri með því að koma sjálf með erindin til Umhverfisstofnunar, ekki í gegnum B-hluta náttúruminjaskrár, eins og staðan er í dag.

Hópur 2

Hópurinn var sammála um að þegar sveitarfélög koma sjálf með tillögu að friðlýsingu þá sé ferilinn mjög góður og fullnægjandi og aðkoma sveitarfélaga frá upphafi mjög góður. Hinsvegar í sambandi við ferilinn þegar kemur að B-hluta náttúruminjaskrár, þá fannst hópnum að sveitarfélög ættu að koma fyrr að ferlinu með til dæmis tillögur áður en eiginleg vinna hefst við gerð hans.

Verkferill Umhverfisstofnunar var einnig til umræðu í hópnum og hópurinn sammála því að hann væri fullnægjandi.

Hópur 3

Hópurinn var sammála um að það væri eðlilegt að friðlýsingarferillinn sé langur, einn meðlimur hafði reynt af ferlinu – taldi eðlilegt að taka sér tíma í þetta. Hópurinn taldi nauðsynlegt að fá sveitarfélögin snemma að borðinu. Rætt var um kostnað vegna friðlýsinga og voru menn sammála um að auglýsingakostnaður væri til staðar. Fjallað var um Lögbirtingablaðið, bent var á að það væri gott að allt svona væri á einum stað en að þetta væri e.t.v. barn síns tíma.

Meðlimur í hópnum lagði ríka áherslu á mikilvægi þess að friðlýsingarskilmálar væru skýrir og skiljanlegir, passa þyrfti upp á orðalag. Líka bent á mikilvægi þess að skilmálar taki á örum breytingum.

Rætt var um landeigendur, hvort þeir væru oft á tíðum helsti flöskuhálsinn. Rætt um hugmyndir sem fram hafa komið um lagabreytingar varðandi landeigandafélag þar sem mælt væri fyrir um meirihlutaákvarðanir.

Hópameðlimir sammála um að það hefði átt að kynna fyrr að vinna væri hafin við greiningu á B-hlutanum - kynning á því að NÍ væri að vinna að þessu og kynning hjá Umhverfisstofnun þegar hún tók við þessu.

Lögð áhersla á mikilvægi þess að vinna að góðu samstarfi ríkis og sveitarfélaga.

Hópur 4

Hópurinn sammála um að þegar kemur að auglýsingum í friðlýsingarferlum, þá sérstaklega þegar kemur að auglýsingu áforma, þá væru meiri líkur að sjá áformin ef auglýst væri í staðarblöðum sem er borin frítt í hús. Rætt var lengd auglýsingatíma og að ef til vill væri of langur tími í upphafi (kynning á áformum), betra að ferlið gangi hraðar en þegar lengra er komið í ferlið mætti vera auglýst lengra en 8 vikur og ekki minna en 6 vikur.

Hópurinn ræddi það að almenningur væri oft ekki upplýstur um svæði sem væru á A, B og C hluta náttúruminjaskrá. Fólk jafnvel keypt jarðir á náttúruminjaskrá með hugmyndir um uppbyggingu sem gekk ekki eftir þar sem svæði var á náttúruminjaskrá. Þá kom sá punktur fram að mikilvægt væri að aðliggjandi sveitarfélög væru upplýst um áform um friðlýsingu þegar svæði liggja alveg upp að sveitarfélagsmörkum.

Rætt var mikilvægi þess að sveitarfélög ættu að taka þátt í að skrifa drög að friðlýsingarskilmálunum þegar kemur að undirbúningi friðlýsingar, til dæmis vegna þess að það tengist m.a. skipulagsmálum.

Íbúafundir voru taldir mikilvægir til að kynna drög að friðlýsingarskilmálunum meðan kynningarferlið er í gangi og kynna fyrir þeim rétt þeirra til að koma með athugasemdir og leiðir til þess. Þá kom einnig fram að friðlýsingarskilmálar ættu að vera kynntir aftur, þ.e. lokadrög ef það eru miklar breytingar á drögunum.

Í sambandi við náttúruminjaskrá þá komu hugmyndir um að það ætti að kynna fyrir stjórnámálamönnum í sveitarfélögum, jafnvel fá sveitarstjórnarmenn úr öllum landshlutum í upphaf vinnunnar að borðinu. Eins var rætt að það væri ekki óvitlaust að sveitarfélög geti tilnefnt svæði inn á B hlutann ef náttúrustofurnar eru ekki hluti af þeim sem koma að vinnunni. Hópurinn samt sem áður sammála því að þær ákvarðanir sem teknar eru varðandi B-hlutann eru teknar á vísindalegum grunni á meðan sveitarfélög horfa á aðra hluti.

Hópur 5

Hópurinn ræddi að stundum áttuðu sveitarfélög sig ekki á því hvernig valið er á náttúruminjasrá. Þá fannst hópnum friðlýsingar ganga betur þar sem sveitarfélögin hafa verið með frá byrjun og ekki síst þegar hugmynd að friðlýsingu kemur frá þeim.

Rætt var mikilvægi þess að skilgreina hagsmunaaðila til að senda auglýsingu um friðlýsingu beint til þeirra og þeir komi henni svo áfram til síns fólks. Eins var talað um að staðbundnir miðlar væru betri en blöð „á landsvísu“ og eins að kynningarfundir væru góðir.

Rætt var mikilvægi þess að kynning fyrir sveitarfélög varðandi vinnuna að gerð B-hluta náttúruminjasrár færi af stað sem fyrst. Eins og þetta kemur fyrir núna þá er það Náttúrufræðistofnun Íslands sem hefur ferlið og nú eru yfir 100 svæði sem eru kynnt og ekki rætt við sveitarfélög áður.

Upp komu hugmyndir um að Umhverfisstofnun myndi óska eftir að sveitarfélagið skipi í hóp, kannski betra að kynna fyrst að eitthvað standi til og hvort og hve mikið sveitarfélagið vilji koma að. Sveitarfélög myndu síðan hafa valkost um að vinna áfram með í samstarfshópi þar sem mismunandi skoðanir og áhugi er til staðar.